



Ytra mat á  
leikskólastarfi  
Samantekt ytra  
mats leikskóla  
árin 2015–2021

Björk Ólafsdóttir  
2021



## Efnisyfirlit

Ytra mat . . . . .	5
Markmið ytra matsStjórnun – Skólabragur og samskipti . . . . .	5
Val á leikskólum . . . . .	5
Viðmið um gæði í leikskólastarfi . . . . .	6
Framkvæmd ytra mats . . . . .	7
Samantekt niðurstaðna úr ytra mati leikskóla 2015–2021. . . . .	8
Stjórnun . . . . .	8
Uppeldis- og menntastarf . . . . .	9
Mannauður . . . . .	10
Leikskólabragur . . . . .	10
Innra mat . . . . .	11
Greining á stöðu leikskólanna . . . . .	12
Samantekt og fyrirvari um túlkun . . . . .	12
Heimildir. . . . .	13
Viðauki 1: Greining á vísbendingum. . . . .	14
Stjórnun . . . . .	14
Uppeldis- og menntastarf . . . . .	16
Mannauður . . . . .	18
Leikskólabragur . . . . .	19
Innra mat . . . . .	21



## Ytra mat

Skýrsla þessi fjallar um ytra mat á leikskólum yfir rúmlega sex ára tímabil. Frá stofnun Menntamálastofnunar (MMS) árið 2015 hefur hún annast ytra mat á leikskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MRN). Ytra mat fer að jafnaði fram á fimm til sex leikskólum á ári. Á tímabilinu 2015 til maí 2021 voru metnir 35 leikskólar, sem eru um 14% af öllum leikskólum landsins. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir heildarniðurstöðum þessara leikskóla.

## Markmið ytra mats

Markmið ytra mats er að leggja mat á starfsemi leikskóla með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Enn fremur að vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Ekki er gerður samanburður á leikskólum heldur notaðar samræmdar matsaðferðir þannig að í öllum leikskólum er skólastarfið metið með sambærilegri nálgun og á grundvelli sömu viðmiða. Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum að:

- a. Veita upplýsingar um leikskólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- b. Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- c. Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- d. Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

## Val á leikskólum

Á hverju hausti er auglýst eftir sveitarfélögum sem hafa áhuga á að fram fari ytra mat á starfsemi leikskóla innan þeirra, bæði þeirra sem reknir eru af sveitarfélaginu og öðrum aðilum. Leikskólar sem metnir eru af MMS eru allir valdir á grundvelli umsókna frá sveitarfélagi og leikskóla. Við val á leikskólum til ytra mats er einkum litið til eftirfarandi atriða:

1. Hvaða sveitarfélög hafa ekki fengið leikskóla metna á síðustu árum.
2. Stærðar sveitarfélaga og fjölda leikskóla á þeirra vegum.
3. Eðlilegar dreifingar á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.
4. Jafnrar dreifingar á milli landshluta.
5. Mismunandi stærða leikskóla.

Tafla 1 sýnir fjölda leikskóla og nöfn þeirra leikskóla sem hafa verið metnir á vegum MMS eftir árum.

**Tafla 1. Leikskólar í mati frá 2015–2021.**

Ár	Fjöldi leikskóla	Nöfn leikskóla
2015	6	Ársalir, Skagafirði / Hamrar, Reykjavík / Krummakot, Eyjafjarðarsveit / Kæribær, Skaftárhreppi / Sjáland, Garðabæ / Undraland, Hrunamannahreppi
2016	5	Fífusalir, Kópavogi / Hvammur, Hafnarfirði / Krakkaborg, Flóahreppi / Krílakot, Dalvík / Leikskóli Snæfellsbæjar
2017	6	Garðasel, Reykjanesbæ / Hulduberg, Mosfellsbæ / Jötunheimar, Árborg / Leikskóli Fjallabyggðar / Lundarsel, Akureyri / Sæborg, Reykjavík
2018	5	Dalborg, Fjarðabyggð / Hádegishöfði, Múlaþingi / Klettaborg, Reykjavík / Skýjaborg, Hvalfjarðarsveit / Sóli, Vestmannaeyjum
2019	6	Barnabær, Blönduósbæ / Grænigarður, Ísafjarðarbæ / Hæðarból, Garðabæ / Laufás, Ísafjarðarbæ / Mánaland, Mýrdalshreppi / Suðurvellir, Vogum
2020	4	Ásgarður, Húnaþingi vestra / Dalur, Kópavogi / Laufskálar, Reykjavík / Ugluklettur, Borgarbyggð
2021 (jan-maí)	3	Hlíðarendi, Hafnarfirði / Leikskólinn Laugalandi, Rangárþingi ytra / Sjónarhóll, Hornafirði

Á árunum 2015–2021 hafa um 59% sveitarfélaga á landinu sent a.m.k. einu sinni umsókn um að fá ytra mat á leikskóla. Að meðaltali hefur verið sótt um fyrir 25 leikskóla á ári.

## Viðmið um gæði í leikskólastarfi

Þegar ytra mat á leikskólum er framkvæmt er byggt á ákveðnum verkferlum, viðmiðum, gagnreyndum fræðum og fagþekkingu matsmanna. Við matið er stuðst við viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs, sem unnin voru af starfshópi á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur 2012-2013 og endurskoðuð 2014 (skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, 2014). Viðmiðin eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla auk Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, barnaverndarlaga og sveitarstjórnarlaga. Við gerð þeirra var einnig litið til fjölmargra annarra heimilda, sjá nánar viðmið og vísbendingar á vefsíðu Reykjavíkurborgar.<sup>1</sup> Viðmiðunum er skipt í fimm megin kafla sem hver um sig hefur þrjá til sex undirkafla. Fyrsti kaflinn fjallar um stjórnun og leiðtogaþæfni leikskólastjórnenda og þar undir eru skilgreind viðmið fyrir m.a. faglega forystu, skipulag og starfsmannastjórnun, stefnumótun, faglegt samstarf, leikskólaþróun og símenntun. Annar kafla viðmiðanna fjallar um uppeldis- og menntastarf. Þar er m.a. litið til skipulags náms og námsaðstæðna barna, uppeldis- og starfshátta, lýðræðis og þátttöku barna, námssviða leikskólans, stuðnings við börn og mats á námi og velferð þeirra. Í þriðja kafla er fjallað um mannauð leikskólans, s.s. um leikskólakennara og hlutverk þeirra, fagmennsku starfsfólks og starfsánægju. Í fjórða kafla eru skilgreind viðmið um skólabrag sem snúa að viðmóti og menningu í leikskólanum, líðan barna, samskiptum heimila og leikskóla og viðhorfum foreldra. Fimmti og síðasti kaflinn fjallar um framkvæmd innra mats og umbótastarf í kjölfar þess. Samtals er unnið með 21 viðmið úr þessum fimm köflum.

1 1\_vidmid\_og\_visbendingar\_2\_prentun.pdf (reykjavik.is)

Viðmiðunum fylgir fjöldi vísbendinga sem er ætlað að styðja matsaðila í athugun sinni á leikskólastarfinu. Við hvert viðmið eru á bilinu 6–20 vísbendingar en í heild eru vísbendingar sem stuðst er við í ytra mati MMS 235 talsins. Vísbendingunum fylgir kvarði á bilinu 1–4 sem segir til um að hve miklu leyti leikskólinn uppfyllir þá lýsingu sem sett er fram.

## Framkvæmd ytra mats

Árið 2013 var Námsmatsstofnun, sem árið 2015 varð að Menntamálastofnun, falið að annast umsjón og framkvæmd ytra mats á leikskólum fyrir hönd MRN. Fjallar þessi greinargerð einungis um ytra mat sem MMS annast að beiðni ráðuneytisins en ekki um ytra mat á leikskólum sem framkvæmt er af sveitarfélögum eða öðrum aðilum. Frá 2015 hefur ytra matið byggt á viðmiðunum sem unnin voru á vegum Reykjavíkurborgar.

Verkefnisstjóri annast umsjón á ytra mati á leikskólum og ber hann ábyrgð á að auglýsa eftir og velja leikskóla til mats í samráði við sviðsstjóra matssviðs MMS og fulltrúa MRN. Hann ræður matsaðila til að meta, er ráðgefandi fyrir matsaðila og hefur eftirlit með að framkvæmdin sé í samræmi við kröfur og skilyrði sem sett eru. Tveggja manna matsteymi metur starfsemi leikskóla og er framkvæmd matsins aðallega í höndum utanaðkomandi verktaka. Lögð er áhersla á að matsaðilar hafi kennaramenntun og reynslu af leikskólastarfi, þekkingu á matsfræðum og reynslu af þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar eru í matinu. Matsaðilar eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu í starfi sínu skv. ákvæðum X. kafla stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. Gætt er að sérstöku hæfi matsaðila til að meta viðkomandi skóla, sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993. MMS hefur sett siða- og starfsreglur fyrir matsaðila sem aðgengilegar eru á vefsíðu stofnunarinnar.<sup>2</sup>

Í meginatriðum felur ytra matið í sér þriggja skrefa ferli: (1) Rýni í fyrirbyggjandi gögn: Óskað er eftir gögnum frá leikskólanum um starfið og farið yfir þau. (2) Leikskólaheimsókn: Matsaðilar dvelja í leikskólanum í tvo til fimm daga eftir stærð skóla. Farið er í vettvangsathuganir á allar deildir og tekin eru einstaklings- og rýnihópaviðtöl við helstu hagsmunahópa – stjórnendur, deildarstjóra, leikskólakennara, annað starfsfólk, börn, foreldra og sérkennsluteymi. (3) Úrvinnsla og skýrslugerð: Eftir leikskólaheimsóknina fer fram úrvinnsla gagna og skýrslugerð. Við úrvinnsluna fara matsaðilar sameiginlega yfir þær 235 vísbendingar sem unnið er með til að meta stöðu leikskólans og styðjast í matinu við fjögurra punkta kvarða (sjá lýsingu á kvarða hér að aftan). Byggt á því er skrifuð matsskýrsla og dregin fram styrkleikar og tækifæri til umbóta. Einnig eru niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt í skýrslunni eftir meðaltalsútkomu í hverjum viðmiðakafli fyrir sig.

Út frá umbótataækifærunum á leikskólinn í samráði við sveitarfélagið að gera umbótaáætlun og senda MMS, sem fylgir umbótunum eftir í tvö til fimm ár. Lengd eftirfylgdar ræðst af stöðu leikskólans og umfangi umbótaáðgerða og felst í að MMS óskar árlega eftir upplýsingum um framvindu umbóta. Meginábyrgð á eftirfylgd ytra mats er í höndum sveitarfélaga sem samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008 (19. gr.) eiga að fylgja eftir ytra mati þannig að það leiði til umbóta í skólalastarfi.

Matsskýrslan og umbótaáætlun leikskólans er birt opinberlega á vefsíðu MMS og vefsíðu leikskólans. Sjá nánar skýrslur á vefsíðu Menntamálastofnunar.<sup>3</sup>

2 sidareglur\_fyrir\_matsadila\_2020.pdf (mms.is)

3 Skýrslur | Menntamálastofnun (mms.is)

## Samantekt niðurstaðna úr ytra mati leikskóla 2015–2021.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir heildarniðurstöðum þeirra 35 leikskóla sem metnir voru frá janúar 2015 til maí 2021. Til að meta vísbendingar viðmiðanna fylgir kvarði á bilinu 1–4, sem nær frá óviðunandi verklagi (1) til mjög góðs verklags (4). Út frá fyrirgjöf matsaðila við hverja og eina vísbendingu er reiknað út meðaltal hvers matsþáttar. Meðaltöl matsþátta og samsvarandi litir í myndrænni framsetningu eru eftirfarandi:

Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Flestir eða allir þættir eru sterkir. Meðaltal matsþáttar er á bilinu 3,6–4,0.

Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar. Meðaltal matsþáttar er á bilinu 2,6–3,5.

Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti, einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar eru fleiri en styrkleikar. Meðaltal matsþáttar er á bilinu 1,6–2,5.

Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Meðaltal matsþáttar er á bilinu 1–1,5.

Heildarmeðaltöl matsþátta, byggt á niðurstöðum þeirra 35 leikskóla sem metnir voru frá 2015 til maí 2021, koma fram í eftirfarandi töflum sem settar eru fram í samræmi við fimm meginkafla viðmiðanna: (1) stjórnun, (2) uppeldis- og menntastarf, (3) mannauður, (4) leikskólabragur og (5) innra mat. Undir hverjum meginkafli eru tilheyrandi matsþættir og er fjöldi matsþátta í hverjum meginkafli á bilinu þrjú til sex. Fyrir neðan hverja töflu eru dregnir fram helstu styrkleikar sem fram koma í samanteknum niðurstöðum og í hverju helstu tækifæri til umbóta liggja. Nánari greiningu út frá hverri og einni vísbendingu má finna í viðauka 1.

### Stjórnun

Stjórnunarkafllinn samanstendur af fimm matsþáttum/viðmiðum og 54 vísbendingum. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

Tafla 2. Viðmið um stjórnun og meðaltal þeirra.

1. Stjórnun		Meðaltal
Viðmið/ matsþættir	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	3,2
	Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	3,6
	Faglegt samstarf	3,5
	Leikskólaþróun og símenntun	3,1
	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	3,3
<b>Heildareinkunn fyrir stjórnun</b>		<b>3,3</b>

Af samantektinni um stjórnunarþáttinn í töflu 2 má ráða að stjórnun leikskóla er yfirleitt í góðu lagi þar sem allir þættir eru að meðaltali yfir 3. Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur er sá matsþáttur sem kemur hvað sterkastur út.

Helstu styrkleikar sem koma fram í stjórnunarþættinum: Skólanámskrá og starfsáætlun liggur yfirleitt fyrir í einhverju formi og einnig starfsmannahandbók og áætlun um upphaf leikskólagöngu barna.



Stefna leikskólanna endurspeglar almennt áherslur í aðalnámskrá og stefnu sveitarfélags/rekstraraðila og leggur áherslu á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna. Starfsþróunarsamtöl eru regluleg og oftast fær starfsfólk samningsbundinn undirbúningstíma. Almennt er verklag í kringum ráðningu nýs starfsfólks gott, gætt er að trúnaði og þagnarskyldu og vernd persónuupplýsinga. Skipulag er um starfsdaga og starfsmannafundi og upplýsingagjöf til starfsfólks er að jafnaði góð. Samstarf innan leikskólanna er víðast gott og starfsfólk finnur að framlag þess til leikskólans er metið. Starfsfólk fær alla jafna tækifæri til símenntunar og hvatningu til að efla sig í starfi. Oftast nær er vel staðið að faglegu samstarfi við grunnskóla um aðlögun barna á milli skólastiga.

Tækifæri til umbóta í stjórnun felast helst í að bæta samvinnu við stefnumótun þar sem jafnan vantar upp á lýðræðislega samvinnu allra í skólasamfélaginu um stefnumótun í leikskólanum – hún er gjarnan einangruð við starfsmannahópinn án þátttöku barna og foreldra. Þó að leikskólarnir hafi sett sér stefnu og markmið er eftirfylgd með að unnið sé eftir stefnunni almennt lítil og yfirleitt er framkvæmd stefnunnar ekki metin með innra mati. Einnig liggur aðgerðaáætlun til að vinna að stefnunni oftast nær ekki fyrir. Símenntunaráætlun leikskólans tekur takmarkað mið af niðurstöðum innra mats. Jafnframt þarf að auka faglega endurgjöf leikskólastjórnenda til starfsfólks sem oft er ábótavant.

## Uppeldis- og menntastarf

Kaflinn um uppeldis- og menntastarf samanstendur af sex matsþáttum/viðmiðum og 68 vísbendingum. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

**Tafla 3. Viðmið um uppeldis- og menntastarf og meðaltal þeirra.**

2. Uppeldis- og menntastarf		Meðaltal
Viðmið/matsþættir	Skipulag náms og námsaðstæður	3,5
	Uppeldi, menntun og starfshættir	3,5
	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	2,9
	Námssvið leikskólans	3,2
	Leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans	3,7
	Mat á námi og velferð barna	2,8
<b>Heildareinkunn fyrir uppeldis- og menntastarf</b>		<b>3,3</b>

Samantekt matsþátta sem heyra undir uppeldis- og menntastarf sýnir að starfið í leikskólunum er að flestu leyti í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Í töflu 3 má sjá að af sex matsþáttum eru fjórir yfir 3 og tveir undir 3. Sterkasti þátturinn er leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans.

Helstu styrkleikar sem fram koma í matskaflanum um uppeldis- og menntastarf er að skipulag starfsins tekur víðast hvar mið af þörfum allra barna og gott jafnvægi er á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna og sömuleiðis á milli rólegra og fjörugra athafna. Nánast alls staðar einkennir umhyggja samskipti starfsfólks við börn og daglegar athafnir eru vel nýttar til náms og uppbyggilegra samskipta. Starfsfólk hefur almennt góða yfirsýn yfir barnahópinn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín. Jafnrétti og jöfn hlutdeild í barnahópnum er sýnileg og vel er staðið að því að mynda samfélag án aðgreiningar í leikskólunum. Börnin hafa oftast eitthvert val um viðfangsefni þótt í misjafnlega miklum mæli sé – og yfirleitt er komið til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni. Af námssviðum leikskólans er að jafnaði markvissast unnið með samskipti barna, heilbrigði og vellíðan. Alls staðar fer fram eitthvert mat á námi og framförum barna og notaðar eru viðurkenndar matsaðferðir og skimanir. Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik og eru einstaklingsnámskrár gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning, í samráði við sérfræðinga og foreldra. Nánast undantekningarlaust eru teymi mynduð um börn sem eru með skilgreinda sérkennslu. Foreldrar eru reglulega upplýstir um stöðu barna sinna.

Helstu tækifæri til umbóta felast í að auka lýðræðislega þátttöku barna í leikskólastarfinu. Börnin fá almennt ekki tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag starfsins, viðfangsefni skipulagðra stunda eða koma með tillögur að leiðum í eigin námi. Þá taka börnin víðast hvar ekki þátt í innra mati og yfirleitt er lítið leitað eftir hugmyndum og sjónarmiðum þeirra. Börn eru almennt ekki þátttakendur í að búa til þær reglur sem gilda á leikskólanum. Af námssviðum leikskólans vantar jafnan upp á að markvisst sé unnið með vísindi. Mat á námi og framförum barnanna þarf alla jafna að ná til fleiri þátta og vera fjölbreyttara. Skráningar eru iðulega lítið notaðar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref.

## Mannauður

Kaflinn um mannauð samanstendur af þremur matsþáttum/viðmiðum og 26 vísbendingum. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

Tafla 4. Viðmið um mannauð og meðaltal þeirra.

3. Mannauður		Meðaltal
Viðmið/ mats- þættir	Hlutverk leikskólakennara	3,5
	Fagmennska starfsfólks	3,5
	Starfsánægja	3,5
<b>Heildareinkunn fyrir mannauð</b>		<b>3,5</b>

Samantekt matsþátta í töflu 4 sýnir mikinn mannauð í leikskólunum, allir matsþættir eru að meðaltali yfir 3. Heilt yfir greinast fyrst og fremst styrkleikar í mannauðskaflanum. Varðandi hlutverk leikskólakennara eru þeir víðast hvar í því hlutverki að skipuleggja og leiða starf á deildum og veita faglega forystu og leiðsögn, auk þess sem þeir bera almennt ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra. Almennt er starfsfólk ánægt með þá stefnu sem leikskólinn starfar eftir, það sækir símenntun og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Samstarf og samábyrgð er sýnileg, starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað. Í langflestum leikskólum líður starfsfólki vel í vinnunni og telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtt.

## Leikskólabragur

Kaflinn um leikskólabrag samanstendur af þremur matsþáttum/viðmiðum og 52 vísbendingum. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

Tafla 5. Viðmið um leikskólabrag og meðaltal þeirra.

4. Leikskólabragur		Meðaltal
Viðmið/ matsþættir	Viðmót og menning	3,6
	Velferð og líðan barna	3,6
	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	3,2
	Viðhorf foreldra	3,6
<b>Heildareinkunn fyrir leikskólabrag</b>		<b>3,5</b>

Af samantekt í töflu 5 má ráða að í flestum leikskólum er skólabragurinn mjög góður þar sem þrjú þættir af fjórum eru að meðaltali yfir 3,5. Viðmót og menning í leikskólunum er að jafnaði mjög góð, þar ríkir yfirleitt jákvæður andi, virðing og umhyggja einkennir samskipti og andrúmsloftið er afslappað og notalegt. Velferð og líðan barnanna kemur líka alls staðar fram sem sterkur þáttur. Í öllum leikskólunum sem metnir hafa verið virtist börnunum líða vel og þau voru glöð og áhugasöm. Samtöl starfsfólks við börnin voru alla jafna uppbyggjandi og hvetjandi og víðast er brugðist við krefjandi

hegðun barna af fagmennsku. Í samræmi við góða líðan barnanna er ánægja foreldra með leikskólastarfið og samskipti við starfsfólk yfirleitt mikil. Almenn er vel staðið að upplýsingagjöf til foreldra og foreldrasamtöl eru regluleg. Túlkaþjónusta er víðast notuð í samskiptum við erlenda foreldra. Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann og taka yfirleitt virkan þátt í viðburðum á vegum hans. Í flestum leikskólum er starfandi foreldrafélag sem styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði.

Tækifæri til umbóta tengjast flest viðmiði um þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Víða vantar upp á að foreldraráð starfi með markvissum hætti og að þátttaka þess í ákvörðunum sé virk. Þá eru í flestum leikskólum takmarkaðar upplýsingar á erlendum tungumálum á vefsíðu leikskólanna.

## Innra mat

Kaflinn um innra mat samanstendur af þremur matsþáttum/viðmiðum og 35 vísbendingum. Kvarðinn er á bilinu 1–4.


**Tafla 6. Viðmið um innra mat og meðaltal þeirra.**

5. Innra mat		Meðaltal
Viðmið/ mats- þættir	Skipulag og viðfangsefni	2,1
	Gagnaöflun og vinnubrögð	2,5
	Opinber birting og umbætur	2,2
<b>Heildareinkunn fyrir innra mat</b>		<b>2,2</b>

Samantekt út frá greiningu á innra mati í töflu 6 sýnir að þetta er heilt yfir langslakasti meginkafli viðmiðanna með alla þrjá matsþættina á gulu. Innra mati er því mjög oft ábótavant hjá leikskólum. Þó skal tekið fram að mat á framförum barna er víðast hluti af leikskólastarfinu þótt niðurstöður þess séu yfirleitt ekki nýttar sem hluti af innra mati á starfinu. Segja má að skipulag innra mats sé almennt ómarkviss og ekki tengt stefnu eða markmiðum leikskólans. Viðmið um árangur eru oftast nær ekki skilgreind. Viðfangsefni innra matsins eru víðast hvar einhæf, ekki leitað eftir sjónarmiðum allra hópa sem hlut eiga að máli og matið ekki byggt á nægilega fjölbreyttum gögnum. Lýðræði og þátttaka í tengslum við ákvarðanir og forgangsröðun í innra mati er alla jafna ekki mikil, hvorki af hálfu starfsfólks, foreldra né barna. Svipaða sögu er að segja um ákvarðanir um umbætur í kjölfar matsins. Niðurstöður innra mats eru víðast ekki birtar opinberlega né kynntar öllum hagsmunahópum. Umbótaáætlun er yfirleitt ekki gerð og þar sem hún er gerð er hún jafnan ómarkviss og henni ekki fylgt kerfisbundið eftir. Því má segja að mikil tækifæri séu til umbóta hvað varðar innra mat.

## Greining á stöðu leikskólanna

Mynd 1 sýnir hlutfallslega skiptingu leikskóla eftir því hve miklar umbótaþarfir voru greindar.



**Mynd 1. Staða leikskólanna út frá umbótaþörf.**

Á mynd 1 má sjá að langflestir leikskólanna, eða 69%, voru að jafnaði með gott verklag þar sem flestir þættir voru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi og styrkleikar almennt fleiri en tækifæri til umbóta. Umbótaþarfir þessara leikskóla teljast í meðallagi miklar. 17% leikskólanna voru metnir með yfirgnæfandi styrkleika og litlar umbótaþarfir en 14% voru metnir með miklar umbótaþarfir þar sem verklagi var ábótavant á mörgum þáttum.

## Samantekt og fyrirvari um túlkun

Af samantektinni hér að framan má draga þá ályktun að í þeim leikskólum, sem metnir hafa verið, fer að jafnaði fram gott leikskólastarf. Flestir þættir eru í samræmi við viðmið um gæðastarf sem snýr að stjórnun, uppeldis- og menntastarfi, mannauð og leikskólabrag. Sterkustu þættirnir heilt yfir eru stjórnun leikskólans og daglegur rekstur, leikskóli án aðgreiningar, viðmót og menning, velferð og líðan barna og viðhorf foreldra til leikskólastarfsins. Slökustu þættirnir eru þeir sem snúa að innra mati, sem almennt er ábótavant hjá leikskólum. Gildir það jafnt um alla þætti innra matsins, skipulag, viðfangsefni, gagnaöflun, vinnubrögð og opinbera birtingu og umbætur. Einnig er lýðræðisleg þátttaka barna og foreldra í leikskólastarfinu þáttur sem vert er að gefa meiri gaum. Í miklum meiri hluta metinna leikskóla er leikskólastarfið ýmist gott eða mjög gott og styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.

Tvenns konar fyrirvara er vert að hafa í huga varðandi túlkun á niðurstöðum. Annars vegar byggjast þær á frammistöðu leikskóla sem annað hvort sendu sjálfir inn umsókn eða viðkomandi sveitarfélag með vitund og samþykki leikskólanna. Niðurstöðurnar þurfa því alls ekki að endurspeglar raunverulega stöðu leikskóla í landinu. Hins vegar eru viðmiðin og vísbendingarnar sem liggja til grundvallar matinu ekki algildur mælikvarði á góð vinnubrögð og frammistöðu – þau ná einungis til afmarkaðra atriða en gæði í leikskólastarfi geta falist í öðru verklagi en þar kemur fram. Auk þess voru viðmiðin síðast endurskoðuð og gefin út 2014 og taka því ekki mið af allra nýjustu fræðum og samþykktum.

Samanteknar niðurstöður ytra mats eru mikilvægar heimildir um leikskólastarf í 35 leikskólum, eða um 14% allra leikskóla í landinu, og geta hjálpað til við að koma auga á hvar helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta liggja. Hægt er að nota þessar niðurstöður til hliðsjónar í stefnumótun, við skipulag heildarumbóta í skólastarfi og sem mikilvægan lið í þekkingargrunni um leikskólastarf.

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla (2011).

Slóðin er: <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=47080c0c-c37e-11e6-9409-005056bc4d74>

Lög um leikskóla (nr. 90/2008).

Menntamálastofnun (2020). Siða- og starfsreglur fyrir matsaðila.

Slóðin er: [https://mms.is/sites/mms.is/files/sidareglur\\_fyrir\\_matsadila\\_2020.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/sidareglur_fyrir_matsadila_2020.pdf)

Menntamálastofnun (2021). Listi yfir ytra mat á leikskólum 2013–2021: Matsskýrslur og umbóta-áætlanir. Slóðin er: <https://mms.is/leikskolar>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur (2014). Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs. Unnið af starfshópi veturinn 2012-2013 og endurskoðað af sama hópi í janúar 2014. Slóðin er: [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/1\\_vidmid\\_og\\_visbendingar\\_2\\_prentun.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/1_vidmid_og_visbendingar_2_prentun.pdf)

Stjórnsýslulög (nr. 37/1993).

## Viðauki 1: Greining á vísbendingum

Hér á eftir má sjá meðaltal fyrir hverja og eina vísbendingu sem metin er í ytra mati. Heildartala vísbendinga sem notaðar eru úr viðmiðum Reykjavíkurborgar er 235. Undir hverjum matsþætti fyrir sig eru fyrst dregnar fram þær vísbendingar sem eru með meðaltalið 3,6–4,0 (dökkgrænar), þ.e. koma að jafnaði mjög sterkar út, næst þær sem eru með meðaltalið 2,6–3,5 (ljósgrænar), þá þær sem eru með meðaltalið 1,6–2,5 (gular) og loks þær sem eru með meðaltalið 1–1,5 (rauðar). Greint er frá matsþáttunum í þessari röð: Stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauður, leikskólabragur, innra mat.

### Stjórnun

Að baki stjórnunarþættinum liggja 54 vísbendingar. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

Vísbendingar sem fá fyrirgjöf að meðaltali 3,6–4,0 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.	Meðaltal
Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla-/fræðslunefnd til staðfestingar.	3,6
Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið samkvæmt henni.	3,8
Áherslur aðalnámskrár og sveitarfélags/rekstraraðila endurspeglast í stefnu leikskólans.	3,6
Stefna leikskólans og markmið endurspeгла áherslu á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna.	3,6
Starfsfólk finnur að framlag þess til leikskólans er metið.	3,6
Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.	3,7
Starfsþróunarsamtöl fara fram a.m.k. einu sinni á ári.	3,6
Starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma.	3,6
Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu.	3,9
Upplýsinga er aflað úr sakaskrá áður en ráðning nýs starfsfólks fer fram.	3,8
Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða læstum skráum í tölvum.	3,7
Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi sem nær til alls starfsfólks.	4,0
Formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar.	3,6
Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til starfsfólks.	3,6
Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu (s.s. um aðlögun barna, gagnkvæma upplýsingagjöf og heimsóknir).	3,8
Starfsfólk er hvatt til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.	3,6

Vísbendingar sem fá fyrirgjöf að meðaltali 2,6–3,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.	Meðaltal
Skólanámskrá uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og stefnu sveitarfélagsins.	2,9
Leikskólastjóri hefur forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár.	3,4
Skólanámskrá er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla-/fræðslunefnd til staðfestingar.	3,4
Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á vefsíðu leikskólans og/eða annan aðgengilegan hátt.	3,3

Starfsáætlun uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá.	3,5
Starfsáætlun er unnin árlega með þátttöku aðila leikskólasamfélagsins.	2,8
Starfsmannahandbók er til í leikskólanum.	3,5
Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggja fyrir og eru aðgengilegar öllum og unnið er eftir þeim.	3,3
Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum er til í leikskólanum.	3,3
Öryggis- og rýmingaráætlun liggur fyrir í leikskólanum.	3,3
Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu sem allir aðilar leikskóla-starfsins þekkja.	3,0
Einkunnarorð/gildi leikskólans eru sýnileg í leikskólanum og starfi hans.	2,7
Stefna leikskólans er skýrt sett fram og birtist á vefsíðu leikskólans.	3,2
Starfsfólk þekkir stefnu leikskólans og getur nefnt dæmi um hvernig það vinnur að henni.	3,4
Foreldrar þekkja stefnu leikskólans.	3,1
Leikskólastjóri sér til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra.	2,6
Stjórnendateymi tryggir að upplýsingum sé miðlað um leikskólastarfið (s.s. á vefsíðu leikskólans).	3,3
Þegar leikskólastjóri kynnir leikskólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og áherslur í uppeldis- og menntastarfi.	3,4
Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi.	3,5
Leikskólastjóri hvetur leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka sífellt gæði náms og starfs.	3,5
Stjórnendateymi fylgist með námi og starfi í leikskólanum og veitir starfsfólki endurgjöf.	2,9
Stjórnendateymi skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli.	3,4
Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks í samræmi við menntun þess og sérhæfingu.	3,5
Stjórnendateymi samræmir störf þeirra sem sjá um málefni barna varðandi sérfræðisþjónustu.	3,4
Niðurstöður starfspróunarsamtala eru skráðar og þeim fylgt eftir.	3,2
Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim.	3,2
Í stefnu leikskólans kemur fram að lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólastarfinu.	3,1
Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum.	3,2
Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.	3,5
Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu.	3,4
Stjórnendur eru vakandi yfir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku innan og utan leikskólans.	3,2
Litið er á foreldra og börn sem samstarfsaðila.	3,1
Leikskólastjóri hvetur til og veitir svigrúm fyrir þróunarstarf í leikskólanum.	3,3
Símenntun endurspeglar áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá.	3,3
Leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna.	3,2

Vísbendingar sem fá fyrirgjöf að meðaltali 1,6–2,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Verklagi ábótavant, mikilvægir þættir þarfnast umbóta.	Meðaltal
Stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni og metur framfarir.	2,5
Próunar- og/eða umbótaáætlun byggst á stefnu leikskólans og innra og/eða ytra mati á starfinu.	2,4
Samræmi er á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans.	2,5

## Uppeldis- og menntastarf

Að baki þættinum um uppeldis- og menntastarf liggja 68 vísbendingar. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

Vísbendingar sem fá fyrirgjöf að meðaltali 3,6–4,0 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.	Meðaltal
Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir.	3,9
Í dagskipulagi er jafnvægi milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna.	3,6
Í dagskipulagi er jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna.	3,8
Dagskipulag veitir svigrúm til að mæta þörfum allra barna (s.s. með stuðningi og sérfræðiþjónustu).	3,9
Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn.	3,9
Svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum.	3,7
Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndar tengsl við þau í gegnum leik.	3,7
Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái notið sín.	3,7
Starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra.	3,7
Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi á deildum.	3,8
Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni.	3,6
Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.	3,6
Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi (s.s. með útiveru, fjölbreyttri hreyfingu, hollri næringu, jákvæðum samskiptum og félagslegum tengslum).	3,7
Umhverfið er aðlagð til að mæta þörfum allra barna.	3,8
Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.	3,8
Öll börn eiga sýnilega hlutdeild í barnahópnum.	4,0
Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning.	3,9
Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega.	3,9
Foreldrar koma að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins.	3,6
Allt starfsfólk er upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum.	3,6
Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni.	3,6
Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik.	3,9
Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á við mat á námi og velferð barna.	3,8
Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barns þeirra.	3,7



Vísbendingar sem fá fyrirjöf að meðaltali 2,6–3,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.	Meðaltal
Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna (sbr. gátlista).	3,5
Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum (sbr. gátlista).	3,4
Góð hljóðvist er í húsnæðinu.	3,5
Rými er til að veita sérfræðipjónustu.	3,3
Vinnuaðstaða er fyrir starfsfólk, s.s. til undirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu.	3,1
Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingarleitar (útinám, vettvangsferðir, gönguferðir o.s.frv.).	3,4
Fjölbreytt úrval af leik- og námsefni er til staðar (sbr. gátlista).	3,3
Efniviður, s.s. myndir á veggjum, bókakostur og leikefni, endurspeglar margbreytileika.	3,0
Dagskipulag er endurmetið reglulega til að mæta þörfum barnanna.	3,4
Skipulögð viðfangsefni og leikur tekur mið af áhuga og námsþörfum barna.	3,2
Starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta.	3,5
Starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barnanna.	3,3
Á meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum.	3,2
Námsleiðir henta vel þörfum og færni hvers barns.	3,3
Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við.	3,4
Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda (hópastarf, valstund, samveru o.s.frv.).	2,6
Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum.	3,4
Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær.	2,7
Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi.	2,8
Börnin hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik.	3,3
Viðfangsefni höfða til margvíslegra áhugasviða barna.	3,4
Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm.	3,3
Námsumhverfi styður við máltöku og málþroska barna, s.s. samskipti, verkefni og efniviður.	3,5
Unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri.	3,4
Ritmál er sýnilegt innan leikskólans.	3,1
Unnið er markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi og það endurspeglast bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi (s.s. læsi á umhverfi, tækni, samskipti, menningu, tákn, myndmál, ritmál og tölur).	3,3
Unnið er markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi (s.s. þátttaka í samfélagsverkefnum, umhverfisvernd og útinám).	2,9
Unnið er markvisst að sköpun í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.	2,8
Leikskólasérkennarar, þroskaþjálfar eða starfsfólk með sambærilega menntun starfar innan leikskólans.	3,2
Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa.	3,5
Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúræðum barna á leikskólanum.	3,5
Áætlun er til um mat á námi og velferð barna.	2,9
Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna.	3,1

Mat á hæfni, námi og velferð barna tekur til margra þátta (s.s. alhliða þroska, sjálfstæðis, áhugasviðs, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkenndar, frumkvæðis og sköpunarkrafts, tjáningar og samskipta).	3,0
Fjölbreytt gögn eru lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna (s.s. ferilmöppur, skimanir, athuganir, upplýsingar frá foreldrum, daglegar skráningar og viðtöl við barnið).	2,8
Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra.	2,9

Vísbendingar sem fá fyrirgjöf að meðaltali 1,6–2,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Verklagi ábótavant, mikilvægir þættir þarfnast umbóta.	Meðaltal
Börnum er gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins.	2,1
Börnin koma reglulega að mati á leikskólastarfi.	1,8
Leitað er leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu.	2,5
Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna.	2,3
Unnið er markvisst að eflingu vísinda meðal barna í leikskólanum og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi.	2,5
Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna eru endurmetnar reglulega.	2,5
Börn fá tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi.	1,7
Skráningar eru nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.	2,1

## Mannauður

Að baki mannauðsþættinum liggja 26 vísbendingar. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

Vísbendingar sem fá fyrirgjöf að meðaltali 3,6–4,0 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.	Meðaltal
Leikskólakennarar bera ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra.	3,7
Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans.	3,6
Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt.	3,9
Starfsfólk sækir símenntun.	3,7
Starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað.	3,6
Deildarfundir eru vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.	3,6
Starfsfólk er stolt af starfi sínu.	4,0
Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.	3,8
Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýttá í starfi.	3,9
Starfsfólki líður vel í vinnunni.	3,6

Vísbendingar sem fá fyrirjöf að meðaltali 2,6–3,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.	Meðaltal
Leikskólakennarar skipuleggja og leiða starf á deildum.	3,5
Leikskólakennarar veita faglega forystu og leiðsögn.	3,4
Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn.	3,5
Áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglast í starfinu.	3,4
Starfsfólk þekkir stefnu leikskólans.	3,5
Stefna leikskólans birtist í starfi á deildum.	3,3
Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum.	3,3
Faglegur metnaður einkennir starf á deildum.	3,5
Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda.	3,4
Deildarfundir eru haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra eru börnin, nám þeirra og staða.	3,1
Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum er vel tekið.	3,5
Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum.	3,5
Starfsfólk er ánægt með samskipti í leikskólanum.	3,3
Starfsfólk telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt.	3,5
Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf.	3,4
Vinnuaðstaða er góð að mati starfsfólks.	3,1

## Leikskólabragur

Að baki þættinum leikskólabragur liggja 52 vísbendingar. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

Vísbendingar sem fá fyrirjöf að meðaltali 3,6–4,0 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi.	Meðaltal
Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt.	3,9
Jákvæður andi og gleði ríkir.	3,7
Kurteisi, virðing og umhyggja einkennir samskipti.	3,7
Starfsfólk er samhent í starfi.	3,7
Í vinnu og viðhorfum starfsfólks kemur fram að það hefur trú á getu og hæfni allra barna.	3,8
Bæði börn og starfsfólk læra í leikskólanum.	3,6
Börn fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum.	3,7
Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsefni.	3,8
Börnunum líður vel í leikskólanum.	4,0
Börnin eru glöð og áhugasöm.	4,0
Milli barnanna ríkir virðing og samkennd.	3,9
Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum.	3,7
Börnin fá hvatningu og hrós sem er ígrundað.	3,7
Brugðist er við krefjandi hegðun barna af fagmennsku.	3,7
Samtöl starfsfólks við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi.	3,8
Allir foreldrar fá kynningu á leikskólanum við upphaf leikskólagöngu barna sinna.	3,8
Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.	3,9
Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl.	3,9

Túlkapjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á.	3,9
Upplýsingum er miðlað til foreldra með reglubundnum og fjölbreyttum hætti (s.s. á upplýsingatöflu, í tölvupósti og fréttabréfum).	3,9
Foreldrafélag er starfandi við leikskólann.	3,9
Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði.	3,9
Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og frammistöðu hans.	3,6
Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns.	3,7
Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum.	3,9
Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks.	3,7
Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann.	3,7
Leitast er við að koma til móts við óskir foreldra.	3,7
Foreldrar vita hvernig þeir geta komið ábendingum á framfæri.	3,8
Ábendingum frá foreldrum er vel tekið.	3,7

<b>Vísbendingar sem fá fyrirgjöf að meðaltali 2,6–3,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.</b>	<b>Meðaltal</b>
Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli allra.	3,4
Virðing er borin fyrir einstaklingnum og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða.	3,5
Gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglast í verkum og viðhorfum starfsfólks.	3,3
Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær.	3,5
Áherslur í foreldrasamstarfi eru opinberar og liggja fyrir, þ.m.t. upplýsingagjöf til foreldra.	3,5
Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess.	3,0
Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum.	3,4
Starfsfólk er lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta.	3,4
Skipulagt verklag er í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál.	3,1
Farið er eftir verklagi um viðkvæm mál.	3,0
Vefsíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.	3,0
Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi.	3,0
Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahlald og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar.	3,3
Foreldrar þekkja stefnu leikskólans.	3,1
Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans.	3,4
Foreldrar upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans.	3,3
Aðbúnaður barnanna er góður að mati foreldra.	3,4

Vísbendingar sem fá fyrirjöf að meðaltali 1,6–2,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Verklagi ábótavant, mikilvægir þættir þarfnast umbóta.	Meðaltal
Börnin eru þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við.	2,4
Hagnýtar upplýsingar á helstu tungumálum sem töluð eru í leikskólanum eru á heimasíðu leikskólans.	1,6
Foreldraráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.	2,3
Fundir foreldraráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.	2,1
Fulltrúar foreldra í foreldraráði eiga samráð við foreldrahópinn þegar við á.	2,4

## Innra mat

Að baki þættinum innra mat liggja 35 vísbendingar. Kvarðinn er á bilinu 1–4.

Vísbendingar sem fá fyrirjöf að meðaltali 2,6–3,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.	Meðaltal
Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt.	2,6
Mat á starfsháttum fer fram reglulega.	2,8
Leikskólastjóri ber ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt.	3,2
Stjórnendur sjá til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu.	3,3
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun.	2,6
Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu.	2,7
Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er upplýsinga hjá.	2,7
Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati (s.s. kannanir og skimanir) eru þær nýttar í innra matið.	2,9
Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.	2,8

Vísbendingar sem fá fyrirjöf að meðaltali 1,6–2,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Verklagi ábótavant, mikilvægir þættir þarfnast umbóta.	Meðaltal
Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.	1,8
Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir.	2,4
Mat og ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra.	2,3
Í skólanámskrá er fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin.	1,7
Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.	1,7
Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra mati.	2,4
Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.	1,8
Gætt er að því að innra matið byggji á margvíslegum gögnum.	2,4
Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.	1,8

Framkvæmd innra mats er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum.	2,5
Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli (s.s. starfsfólks, barna og foreldra).	2,3
Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila (starfsfólks, foreldra og barna eftir því sem við á) um þróun og umbætur.	2,2
Greinargerðir um innra mat eru birtar á vefsíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti.	2,5
Í greinargerð um innra mat koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður.	2,5
Í greinargerð um innra mat er greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.	1,9
Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.	2,5
Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti.	2,3
Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.	2,0
Áætlanir um umbætur eru bornar undir foreldraráð og skólayfirvöld sveitarfélags.	2,3
Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.	1,8
Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.	1,7
Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.	2,0
Starfsfólk og foreldrar geta á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til.	2,3

<b>Vísbendingar sem fá fyrirgjöf að meðaltali 1,0–1,5 (kvarði: 1–4) í ytra mati. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf.</b>	<b>Meðaltal</b>
Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	1,5
Foreldrar taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með aðkomu foreldraráðs.	1,3
Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.	1,5





MENNTAMÁLASTOFNUN

2366